



Fundargerð

Svæðisráð norðursvæðis - 60. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn á fjarfundi, 18. júní 2019, kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Óli Halldórsson, formaður, Hjördís Finnbogadóttir, fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Grétar G. Ingvarsson, fulltrúi útivistarféлага, Arnheiður Jóhannsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hjalti Páll Þórarinnsson, fulltrúi ferðaþjónustunnar, Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Anton Freyr Birgisson fulltrúi Skútustaðahrepps og Ásvaldur Ævar Þormóðsson fulltrúi Þingeyjarsveitar boðuðu forföll.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

1. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - 1809019

Formaður svæðisráðs, sem einnig gegnir formennsku í nefnd um miðhálandisþjóðgarð fór yfir forsendur núverandi hugmyndar að mörkum miðhálandisþjóðgarðs, í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir í samráðsgátt stjórnvalda.

Í ljósi þess að ekki er útlit fyrir að þjóðgarðastofnun, eða sambærileg stjórnsýslueining, verði að veruleika áður en nefnd um Miðhálandisþjóðgarð skilar af sér er svæðisráð norðursvæðis sammála þeim áherslum sem fram koma í tillögum nefndar um Miðhálandisþjóðgarð. Á þessu stigi er því ekki talið tilefni til að skilja Jökulsárgljúfur frá stjórnkerfi verðandi Miðhálandisþjóðgarðs.

Svæðisráð telur þó mikilvægt að skoðaðar verði leiðir til að einstökum svæðum, svo sem Jökulsárgljúfurum, verði gert kleift að starfa undir sjálfstæðu heiti og nýta þannig sérstöðu sína í þjónustu við gesti og til kynningar.

Svæðisráð styður hugmyndir um nýjar þjóðgarðsgáttir við Fosshól og í Mývatnssveit, sem reknar yrðu samhliða þeirri sem fyrir er í Ásbyrgi. Með þeim gefast tækifæri til aukinnar fræðslu og upplýsingagjafar og atvinnuuppbyggingar á jaðarsvæðum þjóðgarðsins.

2. Mývatnssveit-gestastofa - 1901010

Þjóðgarðsvörður greindi frá forstögu og núverandi vinnu starfshóps sem Skútustaðahreppur settu á laggirnar um þekkingarsetur í Mývatnssveit. Sveitarfélagið hefur óskað eftir upplýsingum Vatnajökulsþjóðgarðs í tengslum við áform um gestastofu í Mývatnssveit.

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð gera ráð fyrir gestastofu í Mývatnssveit og telur svæðisráð brýnt að koma henni af stað. Verið er að reisa gestastofu á Kirkjubæjarklaustri og er gert ráð fyrir að bygging gestastofu í Mývatnssveit verði næst í röðinni.

Svæðisráð telur ljóst að mikil samlegð myndi nást með því að hafa starfsemi stjórnsýslu- og þekkingarstofnana og skrifstofu sveitarfélagsins undir sama þaki og áformuð gestastofa. Ekki er ástæða til að ætla annað en að starfsemi þjóðgarðs í Mývatnssveit

muni eflast frekar en hitt á næstu árum með tilheyrandi rekstri og húsnæðisþörf. Hvað varðar Vatnajökulsþjóðarð þá snýr málið bæði að gestastofu og vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn þjóðarðsins.

Staðsetning slíkrar sameiginlegrar gestastofu í Mývatnssveit útheimtir gott aðgengi, nægt rými og sýnileika fyrir gesti, sem og útsýni til Mývatns og fjalla. Staðsetning þekkingarseturs krefst einnig góðra samgangna og aðgengis að þjónustu.

Svæðisráð felur þjóðarðsverði að vinna drög að svari við fram komnu erindi á grunni umræðna á fundinum og bera undir svæðisráð á ný.

Fundi slitið kl. 11:30.